

## Útdráttur á íslensku (Summary in Icelandic)

Ísland hefur átt aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) í fjóra áratugi og verið aðili að evrópska efnahagssvæðinu (EES) í 16 ár, en aðild að Evrópusambandinu (ESB) hefur ekki komið til alvarlegrar umræðu í íslenskum stjórnámálum fyrr en nýlega. Líta má á aðild Íslands að EES sem aukaaðild að ESB. Í núverandi samstarfi er Ísland aðili að frjálsu flæði fjármagns, fólks, þjónustu og iðnvarnings, auk samvinnu um samkeppnisreglur í viðskiptum, reglur um ríkisstyrki, félagsmál, neytendavernd, umhverfismál, almannavarnir, ferðamál, vísindi, menntun og menningarmálefni. Samstarfið nær hinsvegar ekki til sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB, sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB, myntbandalags Evrópu, né til tollabandalagsins.

Í ritgerð þessari er fjallað um stjórn mála-hagfræðileg (*political economy*) áhrif fullrar Evrópusambandsaðildar á Ísland. Ritgerðin veitir yfirsýn yfir ESB, EFTA og EES með viðtækri umfjöllun um þá þætti ESB sem ekki falla undir EES samninginn. Sérstök áhersla er lögð á að kanna þýðingu myntbandalagsins, landbúnaðarmálefni og fiskveiðistefnu. Ástæður fyrir stuðningi við landbúnað eru krufnar. Einnig er vakin athygli á leiðum til forðast neikvæðustu afleiðingar sameiginlegrar sjávarútvegstefnu ESB ef Ísland ákveðdi að ganga í bandalagið.

Niðurstöðurnar byggja á mati á kostnaði og ábata af öllum hliðum ESB aðildar. Meginatriðin eru að (1) íslenska ríkið muni leggja meiri fjámunni til sjóða ESB heldur en ESB mundi greiða á móti til Íslands, (2) áhrifin af inngöngu í tollabandalagið verði frekar lítil vegna þess að EES er fríverslunarbandalag, (3) Ísland er eins og á stendur ekki í aðstöðu til að taka þátt í myntbandalaginu, en þegar þar að kæmi munu áhrifin verða mjög jákvæð, (4) aðild að sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB mun leiða til lægra matvælavæðs til hagsbóta fyrir hinn almenna neytenda en krefst um leið endurskipulagningar og hagræðingar innan landbúnaðarins, og (5) að sameiginleg sjávarútvegstefna ESB er einungis ásættanleg ef í aðildarsamningi eru tryggð ákvæði gegn rányrkju. Ef gengið er út frá að samkomulag náist um nauðsynlega verndun fiskistofna, mun hagnaðurinn af ESB aðild til langs tíma lítið vera meiri en kostnaðurinn þannig að verg þjóðarframleiðsla yrði 6-7% hærri en ef Ísland stæði utan sambandsins. Breytingar verða þó ekki strax, heldur er hér um þróun að ræða sem getur tekið allmörg ár. Endanleg ákvörðun um inngöngu í Evrópusambandið er spurning stjórn málaless eðlis og þessari ritgerð er ætlað að auðvelda slíka ákvörðunartöku.